

Nd.

278. Frumvarp til laga

um landaura og verðlagsskrár.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Landaurar nefnast samkv. lögum þessum framleiðsluvörur þær, sem ganga kaupum og sölum frá þeim, sem stunda landbúnað og sjávarútveg, og fullorðinn búpeningur.

2. gr.

Þau verðmæti, sem 1. gr. ræðir um, skulu lögð í hundruð á landsvísu, eftir þeim hlutföllum, sem hér greinir:

I. Afurðir:

a. Landbúnaðarafurðir:

- 20 dillar á hausti,
- 180 kg. hvít vorull I. fl.,
- 250 — mislit vorull,
- 120 — smjör,
- 1500 lítrar nýmjólk,
- 6 kg. æðardúnn vel hreinsaður.

b. Sjávarafurðir:

- 650 kg. I. fl. spánarverkaður stórfiskur,
- 4600 — ný sild í söltun,
- 9000 — ný sild í bræðslu,
- 400 — þorskalýsi I. fl.

Þegar reiknuð er meðalalin í þessum flokki, skal verðeiningin í dillkum, nýmjólk og verkuðum saltfiski færð tvisvar og útkomunni allri deilt með 13.

II. Búpeningur:

- 1 kýr 8 vetra fullmjólkandi,
- 8 ær með lömbum í fardögum 2 til 7 vetra,
- 14 ær geldar á hausti,
- 12 sauðir 2 vetra á hausti,
- 1 $\frac{2}{3}$ áburðarhestur 5—12 vetra í fardögum,
- 2 $\frac{1}{3}$ hryssa á sama aldri.

Meðalalin skal fundin með því að þrefalda útkomuna í I. flokki, leggja þar við útkomuna í II. flokki og deila síðan með fjórum.

3. gr.

Yfirkattanefnd í hverju sýslufélagi og hverju bæjarfélagi á landinu skal fyrir 15. marz mánaðar ár hvert semja skýrslu um verðlag á framleiðsluvörum og búpeningi, sem gengur kaupum og sölum í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi.

Verðlagið skal, eftir því sem við verður komið, miða við það, sem framleiðendur fá fyrir vöruna, að frádregnum sölukostnaði og öðrum þeim gjöldum, sem falla á vöruna frá því, er eigandinn lætur hana af höndum.

Verðlag á fullorðnum búpeningi skal á sama hátt miða við almennt verðlag innan sýslu- eða bæjarfélags gegn peningagreiðslu.

4. gr.

Nú hefir einhver landaurategund eigi gengið kaupum og sölum innan sýslu eða bæjarfélags, þó hún venjulega sé til sölu, og ber þá yfirskattanevnd að setja það verð á þá vörutegund, sem hún telur hæfilegt, miðað við almennt verðlag.

Eigi skal yfirskattanevnd miða verðlag í verðlagsskýrslu við örfá dæmi, ef hún telur vörutegund selda óeðlilega lágu eða háu verði gegn peningagreiðslu.

Verði nefndarmenn eigi á eitt sáttir um verðlag, skal meðaltal ráða.

Verðlagsskýrsla sé undirrituð af öllum nefndarmönnum.

5. gr.

Verðlagsskrár skulu prentaðar á kostnað rikissjóðs og skulu gilda frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að þær eru sendar til jafnlengdar næsta ár.

Verðlagsskrár skal hirta á manntalsþingum og í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 16 frá 6. nóv. 1897 og lög nr. 22 frá 13. sept. 1901.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Landaurareikningurinn gamli var eins og kunnugt er sá verðmælis, sem flest viðskipti miðuðust við hér á landi um langt skeið. Sá verðmælis var bundinn við gangverð þeirra vörutegunda einna, sem framleiddar voru í landinu, og gaf því á hverjum tíma glögg til kynna, hver breyting varð frá ári til árs á verði þeirra vara, sem hagur framleiðslunnar er fyrst og fremst við bundinn.

Þetta verðlag var ákveðið í verðlagsskrám, sem hver um sig gilti fyrir eitt hérað.

Á síðari tímum hefir þetta breytt mjög mikið, og allt á þá leið, að áhrif þess verðlags, sem er á framleiðsluvörum landsmanna, hafa minnkað í öllu viðskiptalífi. Verðlagsskrárnar eru að visu samdar og settar á ári hverju, eins og áður var, en ákvæðin, sem í gildi eru um samning þeirra, eru mjög úrelt, svo þær gefa mjög ófullnægjandi hugmynd um þá niðurstöðu, sem þær eiga að sýna, sem er sú breyting, er verður frá ári til árs á hag framleiðslunnar.

Þetta teljum við flutningsmenn frumvarpsins illa farið, og ber margt til. Í fyrsta lagi teljum við nauðsyn á, að verðlagsskrárnar gefi sem sannasta mynd af þeim verðbreytingum, sem mesta þýðingu hafa fyrir undirstöðu alls fjármálalífs í landinu, framleiðsluna. Í annan stað teljum við réttast, til að ná þessu takmarki, að taka með í verðlagsskrá þær einar vörur, sem hafa almenna þýðingu fyrir hag framleiðslunnar, annarsvegar til sveita, hinsvegar við sjó. Í þriðja

lagi virðist okkur ljóst, að þá niðurstöðu, sem fæst með verðlagsskránum, megi nota miklu meira en nú er gert í viðskiptalífi landsmanna, aðeins ef vandað er til þess að fá sem réttasta mynd í þessu efni.

Það má þó taka fram í þessu sambandi, að fyllsta þörf er á að koma samningu verðlagsskránna í rétt horf, án tillits til þess, hverja skoðun menn hafa á notagildi slíks verðmælis í viðskiptalífinu.

Nánar í framsögu.